



15. fundur stjórnar Byggðasafns Árnesinga var haldinn fimmtudaginn 20. febrúar kl. 16,10 í Búðarstíg 22 á Eyrarbakka. Fundinn sátu Sandra Sigurðardóttir formaður, Þórhildur Dröfn Ingvadóttir varaformaður og Árni Eiríksson ritari. Fundinn sat einnig Lýður Pálsson safnstjóri sem skrifaði fundargerð. Þetta var tekið fyrir:

1. **Hugmyndir um sameiningu safna.** Á undanförnum misserum hefur Héraðsnefnd Árnesinga fjallað um þær breytingar sem gera þarf á stjórnskipan nefndarinnar og þeirra stofnanna sem heyra undir nefndina, vegna athugasemda sveitarstjórnaráðuneytisins. Stofna þarf ný byggðasamlög með afmarkaðri hlutverkum. Framkvæmdanefnd héraðsnefndar hefur falið stjórnnum byggðasafns, héraðsskjalasafns og listasafns að taka saman kosti og galla þess að sameina þau í eitt byggðasamlag. Sameiginlegur fundur verður haldinn í næstu viku til að ræða þessar hugmyndir.
Stjórn safnsins telur álitlegasta kostinn vera að setja söfnin í eitt byggðasamlag þar sem söfnin yrðu rekin sem sjálfstæðar einingar undir einni stjórn.
2. **Skýrslur 2024.** Um þessar mundir er unnið að endurskoðun reikninga safnsins árið 2024 og gerð ársreiknings. Safnstjóri vinnur að gerð ársskýrslu. Skýrslan og ársreikningurinn verða teknar fyrir á næsta fundi.
3. **Verðskrá 2025.** Rædd og samþykkt.
4. **Styrkir.** Safnaráð hefur úthlutað safninu styrkjum að upphæð 4,2 milljónir króna í síðustu úthlutunum. Uppbyggingasjóður Suðurlands styrkti jóladagskrá Byggðasafns Árnesinga með góðum styrk. Ókomnar eru niðurstöður Húsafriðunarsjóðs en safnið sendi inn umsóknir vegna viðhalds Hússins og Assistentahússins sem áætlaðar eru á þessu ári.
5. **Starfsemi safnsins um þessar mundir.** Safnstjóri sagði frá því helsta sem drifið hefur að safninu frá síðasta fundi. Í október voru fjölsóttir viðburðir í sal Búðarstígs 22, jóladagskráin tókst mjög vel og var vel mætt. Góða aðsókn má m.a. þakka kröftugu markaðsstarfi. Um áramótin kom til starfa í 40% stöðu Sýlvía Kristjánsdóttir sem þekkir vel til safnsins, hún hefur um langt skeið hannað auglýsingar, bækling og sýningaspjöld fyrir safnið og mun sinna almennum störfum við safnið en þó einkum á sínu sérsviði. Við safnið starfa því að faglegum störfum fjórir starfsmenn í alls þremur 100% stöðugildum. Um þessar mundir er verið að skrá Byggðasafns Ölfuss í Sarp fyrir styrk Safnaráðs, unnið er að undirbúningi sumarsýningar safnsins, reglulega er tekið á móti hópum og fyrir styrk Safnaráðs er verið að útvíkka fræðslustarf safnsins. Páskasýning er einnig í undirbúningi sem heitir „Raddir unga fólksins“ og er unnin af nemendum í grafískri hönnun í Fjölbrautaskóla Suðurlands. Framundan er að ráða starfsfólk í sumarstörfin við gæslu og leiðsögn.
6. **2. Næsti fundur.** Næsti fundur verður ákveðinn síðar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerðin var lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl. 17,20.

Sandra Sigurðard.
 Árni Eiríksson
 Þórhildur Ingvadóttir

250220 stjórnarfundur hjá Byggðasafni Árnesinga nr. 15